

Sp.

280. Tillaga til þingsályktunar

[112. mál]

um samgöngubann til að hindra útbreiðslu mænusóttar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta heita viðeigandi samgöngubanni þegar í stað til að freista með þeim hætti að draga úr útbreiðslu mænuveikinnar.

Greinargerð.

Mænuveikin hefur nú um margra mánaða skeið geisad á Akureyri og að því er virðist borizt þaðan til ýmissa annarra staða bæði fjær og nær. Kunnáttumenn, erlendir og innlendir, virðast alls fáfróðir um eðli þessa sjúkdóms og um útbreiðslu hans. Hefur þess vegna lítið eða ekkert verið gert til að hindra, að sýkin dreifist víða um land. Hins vegar er öllum almenningi ljóst, að sýking gerist að einhverju leyti með nálægð sjúklings eða smitbera við heilbrigt fólk. Smitun heimamanna í Fornahvammi er skiljanleg, þar sem þar hafa stöðuglega verið gestir á ferð frá Akureyri. Hins vegar geta ástæður, sem bundnar eru við staðhætti á Akureyri, ekki haft áhrif á heilsufar í Fornahvammi. Líkur fyrir smitun af völdum persónulegrar nálægðar eru svo sterkar að því er snertir mænuveiki, að þær gera eðlilegt, að fulltrúar almennings á Alþingi grípi hér í tauma.